

Hestamannafélagið Funi, Eyjafjarðarsveit



Æskulýðsstarf hestamannafélagsins Funa, Eyjafjarðarsveit

Nefndin fundaði þann 17. apríl og voru þá lagðar línurnar fyrir komandi starfsár. Ákveðið var að hefja starfið líkt og í fyrra með pizzakvöldi fyrir krakkana og foreldra þeirra, til að kynna okkar hugmyndir og fá skoðanir foreldra. Augljóst er að TREC hefur unnið hug og hjarta þeirra sem koma að æskulýðsstarfi félagsins og var því sett stefna á að koma íþróttinni á næsta stig hjá okkur með alvöru keppni í öllum þremur greinunum sem tilheyra TREC. Annað hefðbundið starf var svo á sínum stað; Teymt var undir börnum á sumardeginum fyrsta og á handverkshátíðinni, byrjendareiðnámskeið var 19.-21. júlí og að sjálfsögðu æskulýðsdagarnir góðu þriðju helgina í júlí. Allt var þetta þáttakendum að kostnaðarlausu. Að lokum er búið að bóka utanlandsferð fyrir unglungana okkar til Svíþjóðar þar sem þau ætla að m.a. á hina sánsku alþjóðlegu hestasýningu í Stokkhólmi.

TREC



TREC íþróttin hefur verið geysivinsæl innan félagsins undanfarin ár og er hún orðin rauði þráðurinn í gegnum okkar æskulýðsstarf. Krakkarnir hafa verið verulega spenntir fyrir því að fá að prófa alla þrjá hluta TREC en hingað til hefur aðeins verið lögð áhersla á þrauta- og gangtegundahlutana. Það var því ráðist í það stóra verkefni þetta árið að halda TREC námskeið sem lauk með móti sem einnig innihélt víðavangsratleik. Námskeiðið hófst þann 13. maí og lauk með keppni í byrjun júlí.

Leiðbeinandi var Anna Sonja Ágústsdóttir. Allir aldursflokkar tóku þátt í þrautakeppni en barna- og unglungaflokkur tóku einnig þátt í gangtegundakeppni þann 1. júlí og svo víðavangsratleik daginn eftir. Öryggis vegna riðu þau saman í pörum en þau

þurftu að fylgja leið á korti og halda fyrirfram ákveðnum meðalhraða. Þau riðu 24 km, að mestu á meðalhraðanum 8-9 km/klst, voru stoppuð tvistar í 5 mín. til að athuga ástandið á hestunum (og þeim krökkunum), og stoppuðu einnig tvisvar í 20 mín. á fyrirfram ákveðnum áningarstöðum þar sem þau sprettu af hestunum og fengu sér nesti. Reyndi þessi þáttur keppninnar bæði á úthald hrossa og knapa sem og landlæsi því leiðin lá í gegnum allskyns land og var m.a. riðið í gegnum afrétt og yfir á (þar sem fullorðinn aðili var á staðnum til að grípa inní eða leiðbeina ef þörf var á).



Þetta reyndist allt hið lukkulegasta og verður ekki aftur snúið héðan í frá þ.a. við gerum ráð fyrir að halda aðra slíka keppni í heild sinni á næsta ári. Þetta er mikil frumkvöðlavinna en á sama tíma og við förum eftir erlendum leiðarvísí um TREC þá þurfum við einnig að útfæra þetta miðað við okkar aðstæður og hestakost og knapa hverju sinni. Við vonum að fleiri fari svo að feta í okkar fótspor því þessi grein hefur slegið svo rækilega í gegn hjá okkur og höfum við trú á því að það sé fullt af krökkum innan annarra hestamannafélaga sem myndu njóta sín í því sem TREC hefur upp á að bjóða.



Því má bæta við að sjónvarpsþátturinn Landinn kom og tók upp á æfingu hjá krökkunum í sumar og var þátturinn sýndur á RÚV í september síðastliðnum. Var það frábær kynning á íþróttinni sem og hinum frábæra fjölhæfa íslenska hesti sem við eigum.

Sumardagurinn fyrsti

Sumardagurinn fyrsti var að venju haldinn hátíðlegur á Melgerðismelum þar sem handverk, húsdýr, vélar og tæki voru til sýnis. Fjöldi manns sækir þennan viðburð árlega og fær sér bita af hinu víðfræga hlaðborði Funamanna. Mesta lukku, allavega hjá yngri kynslóðinni, vekja þó hestarnir góðu sem notaðir eru til að teyma undir minnstu gestunum. Unglingarnir okkar taka alltaf virkan þátt í þessari skemmtun og skiptast á að hjálpa til við að teyma undir og eru þau alltaf jafn dugleg og ábyrg.

Byrjendareiðnámskeið

19. -21. júlí var haldið ókeypis reiðnámskeið fyrir byrjendur, og var það vel sótt að vanda. Þessi námskeið eru mikilvægur þáttur í að kynna hestamennsku fyrir börnum og unglungum sem ekki endilega njóta þeirra forréttinda að geta stundað hestamennsku með fjölskyldunni eða fá ekki tækifæri til að fara á stærri reiðnámskeið sem vitanlega kosta töluverðan pening.



Æskulýðsdagar norðurlands



Æskulýðsdagarnir okkar eru árlegur stórviðburður þar sem nefndarmenn taka höndum saman og setja saman dagskrá sem nær yfir heila helgi, þriðju helgina í júlí. (Ekki síðustu helgina í júlí eins og hefur verið misritað hér í fyrrí skýrslum!) Fyrirkomulagið var með svipuðu sniði og venjulega. Ratleikur á hestum á föstudagskvöldinu þar sem skipt var í lið sem þurftu að leysa ýmsar þrautir, m.a. setja saman reiðtygi, skipta faxinu á

hrossunum sínum og svara hestatengdum spurningum. Laugardagurinn byrjaði á þrautabraut sem haldin var á TREC svæðinu okkar. Um miðjan dag var svo farið í fjölskyldureiðtúr og borðað nesti sem kom með trússbílum. Kvöldið endaði með grillveislu og varðeldi þar sem grillaðir voru sykurþúðar og var svo tekið duglega á því í löggú og bófa í skóginum. Sunnudagurinn byrjaði á keppnisgrein sem fram fór í reiðskemmunni og snerist um að safna saman hringjum sem búið var að raða á tunnur meðfram sporaslóðinni. Markmiðið var að vera sem fljótastur að safna saman öllum hringjunum en tími tapaðist fyrir hvern hring sem ekki var komið með í mark. Helgin endaði svo á frjálslegri hringvallardeppni með útsláttarfyrirkomulagi, þ.a. það var eitthvað við allra hæfi þessa helgi. Öllum félögum á norðurlandi er boðið að taka þátt í þessari helgarskemmtun, allt krökkunum að kostnaðarlausu, en fyrirtæki á Akureyri hafa styrkt okkur um mat og verðlaun. Þáttakendur komu að þessu sinni frá Funu, Létti og Þjálfa.



Handverkshátíðin

4.-7. ágúst var teynt undir börnum á handverkshátíðinni á Hrafnagili en félögin í sveitinni taka þar höndum saman og vinna óeigingjarnt starf til að gera hátíðina að þeirri skemmtun sem hún er. Eldri krakkarnir í Funa létu sitt ekki eftir liggja og aðstoðuðu við teymingarnar og stóðu sig eins og hetjur því aðsóknin var gríðarleg og biðu börnin í löngum röðum spennt fyrir því að fá að komast á bak.

Fræðsluferð til Svíþjóðar

Starfsárinu hjá okkur er enn ekki endanlega lokið, þó að skólarnir séu byrjaðir og flestir að verða búinir að draga undan hestum sínum. Í byrjun desember verður haldið með hóp unglings til Svíþjóðar í fræðslu og skemmtiferð. Ferðinni er heitið til Stokkhólms á hina árlegu alþjóðlegu hestasýningu og verða í leiðinni heimsótt nokkur hesthús, bæði hérlandis og erlendis.

Æskulýðsstarfið heldur áfram að vera öflugt hjá þessu litla félagi okkar og erum við sérlega stolt af því brautryðjendastarfi sem við höfum unnið fyrir TREC íþróttina og munum halda því ótrauð áfram.

Fyrir hönd barna- og ungingaráðs Funa
Anna Sonja Ágústsdóttir, formaður nefndarinnar.

Barna- og ungingaráð Funa er þannig skipað 2017-2018:



Anna Sonja Ágústsdóttir, Hólmum, formaður
Gunnhildur Erla Þórisdóttir, Rifkellsstöðum
Sara Arnborg, Ysta-Gerði
Elín Margrét Stefánsdóttir, Fellshlíð
Freyr Ragnarsson, Uppsölum